



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2026

HÖTE3FH05

Fatahönnun og saumur

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Ferlið frá hugmynd að tilbúinni, vandaðri flík tekið fyrir. Nemendur læra að hanna og framleiða flóknari flík, t.d. yfirhöfn, fóðraða eða samansetta út frá valinni notaðri flík. Tilraunir með snið og prufuflík úr jersey fataefni.

Undanfari: HÖTE2HU05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á

- saumtækni
- saumur og fóður
- vinna með teygjanleg efni (jersey)
- flóknari frágangur á saumum
- verklýsing og flatar teikningar
- tískuteikning

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- vinna flóknari útfærslur á sniðum
- sauma og fóðra einfalda flík
- gera eigin verklýsingu
- fara eftir verklýsingu
- saumtækniprufur
- áætla efniskaup

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna sjálfstætt við snið og sniðútfærslur
- sauma fóðraða flík
- þekkja mun á ofnu efni og þrjónuðu (jersey)
- nota og gera verklýsingar

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar í FSu. Ljósrit og efni af veraldarvefnum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. Kynning, skipulag og möppugerð	Möppugerð
5 - 8	2-27. febrúar	Að hanna út frá eigin líkama Sauma prufur 2 stk. Sniðteikning út frá eigin hönnun Sníða og sauma prufuflík Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	2 prufur prufuflík
9 - 12	1-27. mars.	Sníða og sauma flík Kynna sér muninn á flatrí teikning og þrívíddarteikning Sýningarvinna Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Tilbúin flík Teikningar Sýning Netverkefni
13 - 16	30 mars.- 6. Apríl 23.apríl	Páskafrí Sumardagurinn fyrsti	

17 - 19	1.maí 4-13.maí	Frídagur Lokaskil á möppu Dimissjón 8. Maí	Lokaskil
	13.- 24. maí	Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávallt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati : Innlögn eftir þörfum, verkefnaskil þegar verkefni eru fullkláruð.
3. Áfanginn er verklegur staðnámsáfangi og skulu verkefni hans unnin í kennslustundum að kennara ásjáandi eða í samráði við kennara um heimavinnu verkefna.
4. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
5. Efnisgjald, kr. 8000.- skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.
6. Reglur um svindl og notkun gervigreindar
7. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>
8. Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Möppuskil	Mappa og prufur	15%
Teikning	4 teikningar af pils og buxnahugmyndum	10%
Netverkefni	Fjöldaframleiðsla	10%
Æfing	Festa tölu og hnapp	5%
Prufur	Ýmsar prufur	10%
Tilbúið verkefni	Tilbúið verkefni með vinnulýsingu og sniðum	20%
Aukaverkefni	Tilbúið verkefni með vinnulýsingu og sniðum	10%
Áhöld á borði		
Nýting tímans	Mæting og nýting tímans	20%
Samtals =		100%

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Mæting og virkni. Vinnulýsingar og notkun þeirra. Útfærsla á sniðum metin. Hópverkefni. Mat á umfangi, frágangi og vinnubrögðum við saum á eigin flík	100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss 6.janúar 2026